

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 817/2012, um sóttvarnaráðstafanir, og (2.) breytingu á reglugerð nr. 580/2020, um sóttkví, einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

I. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 817/2012, um sóttvarnaráðstafanir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ kemur: 7.000 kr.
- b. Við bætist nýr málslíður svohljóðandi: Um gjald samkvæmt þessari málsgrein fyrir þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi fer eftir reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 580/2020, um sóttkví, einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 11.000 kr.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Sé gjald samkvæmt þessari málsgrein greitt degi fyrir komu til landsins eða fyrir skal það nema 9.000 kr.
- c. 6. mgr. orðast svo: Gjald samkvæmt ákvæði þessu er innheimt af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem skal sjá um að það renni til þeirra stofnana sem að verkefninu koma í samræmi við hlutfallslegan kostnað þeirra.
- d. 8. mgr. orðast svo: Einstaklingur sem farið hefur í sýnatöku samkvæmt ákvæði þessu oftar en tvisvar sinnum á 30 daga tímabili getur sótt um endurgreiðslu til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrir þá fjárhæð sem hann hefur greitt umfram 22.000 kr. vegna sýnatöku fyrir sig sjálfan.
- e. Í stað orðanna „viðbótarkostnaði við útkallið“ í 2. málsl. 9. mgr. kemur: 30.000 kr. fyrir útkallið.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, sbr. 12., 13., 16. og 17. gr., með síðari breytingum, og 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 25. júní 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Rögnvaldur G. Gunnarsson.